



## Fundargerð

### 6. fundar fræðslu- tómstunda- og jafnréttisnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í fræðslu- tómstunda- og jafnréttisnefnd Djúpavogshrepps í Geysi, fimmtudaginn 6. júní 2019 kl. 16:15. Fundinn sátu Kristján Ingimarsson formaður, Óliver Ás Kristjánsson og Elísabet Guðmundsdóttir. Þá sat fundinn Rán Freysdóttir fulltrúi Foreldrafélags Grunnskólans. Kristján stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

#### Dagskrá var eftirfarandi:

1. Viðbygging við Grunnskólann.
2. Breytingar á skóladagatali.
3. Skólafélag Djúpavogshrepps.
4. Jafnréttisáætlun Djúpavogshrepps.

- 
1. Farið var yfir teikningar af viðbyggingu við Grunnskóla Djúpavogs. Eftirfarandi bókun var gerð: „Fræðslu- tómstunda- og jafnréttisnefnd Djúpavogshrepps beinir því til sveitarstjórnar að fundið verði bráðabirgðaúrræði fyrir útisvæði nemenda við Grunnskólann á meðan framkvæmdir við viðbyggingu standa yfir. Jafnframt verði sett af stað vinna við að skipuleggja framtíðar útisvæði fyrir nemendur“.
  2. Breytingar á skóladagatali. Lagt er til að árshátíð Grunnskólans verði færð um viku, frá 16. janúar 2020 til 23. janúar 2020 til þess að skólafélagi skólans geti tekið þátt í viðburðinum. Tillagan samþykkt en nefndin mælir með því að undirbúningstími fyrir árshátíð lengist ekki þannig að það komi niður á öðru skólastarfi. Beiðni kom fram um að færa starfsdag í Leikskólanum sem var settur á 21. febrúar til 28. febrúar til þess að starfsdagur skólanna standist á. Beiðnin samþykkt.
  3. Skólafélag Djúpavogshrepps. Formaður FJT kynnti nýja skólafélagi Djúpavogshrepps. Nefnd skipuð Kristjáni Ingimarssyni, Elísabetu Guðmundsdóttur og Ásdísi Hafrúnu Benediksdóttur hefur unnið að gerð nýrrar skólafélagi og hefur hún verið kynnt fyrir starfsfólki skólanna og stjórnnum foreldrafélaga. Skólafélagi samþykkt af nefndinni.
  4. Jafnréttisáætlun Djúpavogshrepps. Kristján Ingimarsson, Elísabet Guðmundsdóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir hafa unnið að endurnýjun jafnréttisáætlunar Djúpavogshrepps. Jafnréttisáætlunin samþykkt. Nefndin vill benda á að samkvæmt lögum eiga öll sveitarfélög að vera búin að öðlast jafnlaunavottun fyrir árslok 2019.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið klukkan 17:15

Fundarritari Kristján Ingimarsson (sign)

Kristján Ingimarsson

Óliver Ás

Rán Freysdóttir